

Skólanefnd

8. apríl 2025

Mætt: Erla S. Ragnarsdóttir, Júlía Jörgensen, Árni Stefán Guðjónsson, Einir Tyrfingsson, Daníel Scheving Hallgrímsson, Ingvar Viktorsson, Snædís Ögn Flosadóttir, Melkorka Edda Sigurgrímsdóttir, Aðalbjörg Emma Hafsteinsdóttir

Dagskrá fundar:

Stofnun ársins 2024

ESR segir frá helstu niðurstöðum um Stofnun ársins. Talað um þætti sem lækkuðu og hækkuðu mest á árinu.

Skólaþróun – námsskrárvinna á önninni

Breytingar urðu á opinni braut nýlega og fleiri einingar skilyrtar sem hefur lengi verið kallað eftir. Línur á opinni braut eru í undirbúningi sem kynntar verða fyrir nemendum

Eignakaup á árinu

Fleiri Optoma skjáir koma í stofur og svo stendur til að uppfæra búnað í fyrirlestrarsal, eldhúsi og kaffistofu skólans.

Ferð til Hollands – Starfsþróun vorið 2026

ESR segir frá starfsþróunarferð sem fyrirhuguð er næsta vor til Hollands fyrir allan starfsmannahópinn. Þar er tilgangurinn að skoða íþróttaafreksskóla Hollendinga og samtvinnun náms og afreksíþrótta. Ferðin er skipulögð innan skólans og í samstarfi við tengiliði í Hollandi í gegnum ENOSS samstarfið.

Kynningar fyrir 10. bekkinga

Sagt frá kynningum fyrir 10. bekkinga sem fóru fram í febrúar. Allir skólar í Hafnarfirði komu í heimsókn sem og skólar frá Garðabæ, Álftanesi, Kópavogi og fl. Kynningar gengu afar vel fyrir sig í samstarfi stjórnenda, námsráðgjafa og ekki síst nemenda skólans sem tóku þátt í móttöku.

Félagslíf nemenda

Aðalbjörg Emma segir frá því sem fram fór í vetur í félagslífi nemenda.

Önnur mál

Hér viku af fundi MES, AEH og skólanefnd og aðstoðarskólameistari sátu yfirferð skólameistara og fjármálastjóra á fjármálum skólans.

Fundi slitið.